

**367. fundur bæjarstjórnar**  
**haldinn í fjarfundi miðvikudaginn 19. janúar 2022 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Iða Marsibil Jónsdóttir (IMJ), Friðbjörg Matthíasdóttir (FM), María Ósk Óskarsdóttir (MÓÓ), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Þórkatla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ) var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jörundur Garðarsson (JG), Magnús Jónsson (MJ), Jón Árnason (JÁ), Rebekka Hilmarsdóttir (RH) og Gerður Björk Sveinsdóttir (GBS).

**Fundargerð ritaði:** Gerður Björk Sveinsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnisýslusviðs

Bæjarstjórn Vesturbyggðar kom saman til 367. fundar miðvikudaginn 19. janúar 2022 kl. 17:00. Fundurinn fór fram í fjarfundi. Iða Marsibil Jónsdóttir setti fundinn og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun. Svo var ekki. Þórkatla Soffía Ólafsdóttir boðaði forföll, í hennar stað situr fundinn Jörundur Garðarson. Þar sem um fjarfund er að ræða er fundurinn ekki opin almennungi en upptaka frá fundinum verður sett inn á heimasíðu Vesturbyggðar eins fljótt og unnt er.

**Dagskrá:**

**1. Stjórnskipan Vesturbyggðar - skipan í ráð og nefndir 2022 - 2201017**

*Forseti bar upp tillögur um breytingar á nefndarskipan, Hjörtur Sigurðsson tekur sæti sem aðalmaður í menningar- og ferðamálaráði í stað Svövu Gunnarsdóttur. Þá er Silja Björg Ísafoldardóttir tilnefnd sem varamaður í menningar- og ferðamálaráði.*

*Til máls tók: Forseti*

*Bæjarstjórn staðfestir tillöguna samhljóða.*

**2. Húsnæðisáætlun Vesturbyggðar 2022 - 2110043**

*Lögð fram Húsnæðisáætlun Vesturbyggðar 2022. Húsnæðisáætlunin er hér lögð fram með breyttu sniði. Áætluninni er nú skilað rafrænt og á stöðluðu formi til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Markmið með þessu formi húsnæðisáætlana er að auðvelda sveitarfélögum gerð þeirra ásamt því að auðvelda samanburð á milli sveitarfélaga og þannig bæta yfirsýn um stöðu og horfur á húsnæðismarkaði. Húsnæðisáætlun Vesturbyggðar 2022 var unnin með hliðsjón af stefnuskjölum bæjarstjórnar Vesturbyggðar s.s. áætlun um mannfjöldaþróun skv. fjárhagsáætlun 2022-2025. Bæjarstjóri ásamt sviðsstjórum Vesturbyggðar héldu utan um öflun upplýsinga í áætlunina í samstarfi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.*

*Til máls tók: Forseti*

*Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkir stafræna húsnæðisáætlun Vesturbyggðar fyrir árið 2022.*

**3. Samþykkt um kjör fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum - 2201018**

Lögð fram samþykkt um kjör fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum Vesturbyggðar. Helstu breytingar sem gerðar hafa verið frá fyrri samþykkt frá 9. desember 2020, eru breytingar á 3., 7. og 18. gr. samþykktarinnar. Þannig verði ekki lengur tilgreind fjárhæð þingfararkaupts heldur vísað til viðmiðunarfjárhæð 1. janúar ár hvert, sem og að skýrt er kveðið á um að dagkaup kjörinna fulltrúa er uppfært árlega.

Til máls tók: Forseti

Bæjarstjórn staðfestir samþykkt um kjör fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum Vesturbyggðar.

**4. Reglur um afslátt af fasteignaskatti og styrki til greiðslu fasteignaskatts 2022 - 2201022**

Lagðar fram reglur um afslátt af fasteignaskatti og styrki til greiðslu fasteignaskatts 2022 ásamt upplýsingum til greiðenda fasteignagjalda í Vesturbyggð 2022.

Reglur um afslátt af fasteignaskatti og styrki til greiðslu fasteignaskatts 2022 koma í stað eldri reglna um niðurfellingu fasteignagjalda ellilífeyrisþega og öryrkja og styrki vegna menningar, björgunar eða íþróttastarfsemi. Þeim reglum sem lagðar eru fram hér eru einfaldari og skýrari en engar efnislegar breytingar hafa verið gerðar, en viðmið uppfærð í samræmi við fjárhagsáætlun 2022.

Til máls tók: Forseti

Bæjarstjórn Vesturbyggðar staðfestir þær reglur sem lagðar eru fram hér um afslátt af fasteignaskatti og styrki til greiðslu fasteignaskatts 2022.

**5. Lántökur ársins 2022 - 2201019**

Lögð fram drög að umsókn Vesturbyggðar um lántökur á árinu 2022 hjá Lánasjóði sveitarfélaga að upphæð 250 millj.kr. Lántaka er í samræmi við fjárhagsáætlun ársins 2022 og er tekið til að endurfjármagna hluta afborgana lána sveitarfélagsins hjá Lánasjóði sveitarfélaga á árinu 2022 og til að fjármagna framkvæmdir og fjárfestingar á árinu 2022 sbr. lög um Lánasjód sveitarfélaga nr. 150/2006.

Til máls tóku: Forseti, MJ og GBS

Bæjarstjórn samþykkir lántökuna á árinu 2022 og samþykkir að veita Lánasjóði sveitarfélaga ohf. kt. 580406-1100, veð í tekjum sínum til tryggingar lánnum á árinu 2022, sbr. 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánartiltekið útsvarstekjum sveitarfélagsins og framlögum sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Jafnframt er Rebekku Hilmarsdóttur bæjarstjóra Vesturbyggðar, kt. 160484-3309 og Gerði Björk Sveinsdóttir sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs, kt. 210177-4699 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Vesturbyggðar að undirrita lánsamning við Lánasjód sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

**6. Sameiginlegt útboð á slökkvibílum fyrir sveitarfélög Íslands - 2110075**

Lagt fram erindi frá Ríkiskaupum dags. 27. október 2021, þar sem vakin er athygli á sameiginlegu útboði sveitarfélaga á slökkviliðsbílum. Bæjarráð Vesturbyggðar tók erindið fyrir á 930. fundi ráðsins 2. nóvember 2021 þar sem bæjarstjóra var falið að ræða við Ríkiskaup vegna málsins. Í kjölfarið var verkefnið kynnt og slökkviliðsstjóri Vesturbyggðar settur í stýrihóp sem unnið hefur tæknilyngu vegna útboðsins. Slökkviliðsstjóri fór yfir stöðu verkefnisins á 934. fundi bæjarráðs 12. janúar 2022 og samþykkti bæjarráð að Vesturbyggð tæki þátt í sameiginlegu útboði Ríkiskaupa fyrir slökkvibifreið á Bildudal, í samræmi við fjárhagsáætlun Vesturbyggðar 2022.

Til máls tók: Forseti

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkir þátttöku í sameiginlegu útboði á vegum Ríkiskaupa vegna kaupa á slökkviliðsbíl á Bildudal. Slökkviliðsstjóra falið að vinna að málinu áfram.

#### 7. Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2021-2022 - 2110045

Lagt fram bréf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 21. desember 2021 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2021/2022. Einnig lagt fram bréf útgerðaraðila smábáta í Brjánslækjarhöfn dags. 17. janúar 2022, þar sem hafna- og atvinnumálaráð er hvatt til að falla frá vinnsluskyldu á lönduðum aflu í Brjánslækjarhöfn.

Gögnin voru tekin fyrir á 36. fundi hafna- og atvinnumálaráðs 17. janúar sl. og lagði ráðið til að farið yrði með úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa samkvæmt reglugerð nr. 995/2021 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2021/2022, þó með sambærilegum sérreglum og staðfestar voru á síðasta fiskveiðiarinu 2020/2021.

Hafna- og atvinnumálaráð leggur til að sérreglur varðandi úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa í Vesturbyggð samkvæmt reglugerð nr. 995/2021 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2021/2022 verði svohljóðandi:

a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiarins, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega, af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

b) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélagi af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afls samkvæmt 1. mgr.

c) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2022.

Til máls tóku: Forseti, ÁS, MJ, RH, FM og JÁ.

Forseti leggur til að tillaga hafna- og atvinnumálaráðs verði staðfest.

*Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkir samhljóða.*

**8. Fristundabyggð undir Taglinu beiðni um úthlutun lóða - 2004156**

*Lagður fyrir viðauki við samning milli Strýtuholts ehf. og Vesturbyggðar sem undirritaður var 4. nóvember 2020 um úthlutun lands undir fristundabyggð við Tagl í Bildudal. Viðaukinn var unnin í kjölfar beiðni Strýtuholts ehf. um lengri fresti til að hefja framkvæmdir, vegna áhrifa af covid-19, hækkun kostnaðar á byggingarefnum og vöntun á byggingarvörum. Samkvæmt viðaukanum er frestur í 3. mgr. 5. gr. samningsins yrði lengdur, þ.e. til 1. október 2025 en gildistími samningsins er óbreyttur til 1. september 2030. Einnig er lögð fram yfirlýsing um kvöð vegna samningsins sem þinglýst verður á úthlutaðar lóðir.*

*Til máls tók: Forseti*

*Bæjarstjórn staðfestir beiðni Strýtuholts ehf. um lengdri frest og felur bæjarstjóra að undirrita viðaukann. Einnig staðfestir bæjarstjórn yfirlýsingu um kvöð og felur bæjarstjóra að undirrita hana.*

**9. Andahvilft. Ósk um breytta skráningu. - 2112019**

*Lagt fram erindi frá Tómasi Guðbjartssyni, dags. 15. desember 2021. Í erindinu er óskað eftir breyttri skráningu á eign umsækjenda í Andahvilft, L228046. Húsið er byggt 1903 og er í dag skráð sem sumarbústaður en var áður skráð sem íbúðarhús og hefur verið endurbyggt að fullu, óskað er eftir að fá húsið aftur skráð sem íbúðarhús og samsvarandi breytingu á skráningu lóðar. Skipulags- og umhverfisráð samþykkti erindið á 91. fundi ráðsins 13. janúar sl.*

*Til máls tóku: Forseti og JÁ.*

*Bæjarstjórn samþykkir erindið.*

**10. Breyting á deiliskipulag ofanflóðagarða ofan Urða og Mýra á Patreksfirði og byggðar neðan þeirra - 2201015**

*Lagðar fram hugmyndir um atvinnulóðir í grennd við húsnæði Rauða Krossins við Bjarkargötu á Patreksfirði. Skipulags- og umhverfisráð lagði til á 91. fundi sínum 13. janúar sl. að hafin verði vinna við breytingu á deiliskipulagi fyrir ofanflóðagarða ofan Urða og Mýra á Patreksfirði og byggðar neðan þeirra og þar bætt inn lóðum fyrir atvinnuhúsnæði.*

*Til máls tók: Forseti*

*Bæjarstjórn staðfestir bókun skipulags- og umhverfisráðs og felur skipulagsfullrúa að undirbúa breytinguna í samráði við byggingafullrúa.*

**11. Brunnar 17. Umsókn um lóð. - 2201003**

*Lagt fram erindi frá Guðmundi Orra Arnarsyni og Tinnu Holt Victorsdóttur, dags. 3. janúar 2022. Í erindinu er sótt um byggingarlóðina að Brunnum 17, Patreksfirði til byggingar einbýlishúss. Skipulags- og umhverfisráð tók erindið fyrir á 91. fundi ráðsins og leggur til við bæjarstjórn að úthlutunin verði samþykkt. Grenndarkynna þarf byggingaráformin áður en til framkvæmda kemur. Um lóðina liggja vatns- og*

*fráveitulagnir og taka þarf tillit til þeirra við ákvörðun lóðarstærðar og endarlegrar lögunar lóðar.*

*Til máls tók: Forseti*

*Bæjarstjórn samþykkir úthlutun lóðar að Brunnnum 17 á Patreksfirði og felur byggingafulltrúa og skipulagsfulltrúa að undirbúa lögun lóðar.*

**12. Dalbraut 8. Umsókn um endurnýjun lóðarleigusamnings. - 2201014**

*Lagt fram erindi frá Hlyni Aðalsteinsyni og f.h. HA-Synir ehf, dags. 11. janúar 2022. Í erindinu er óskað eftir endurnýjun lóðarleigusamnings fyrir Dalbraut 8 á Bildudal. Erindinu fylgir tillaga að afmörkun lóðar. Skipulags- og umhverfisráð lagði til á 91. fundi sínum að lóðarleigusamningurinn verði endurnýjaður og fól byggingarfulltrúa að vinna endanlegt lóðablað þar sem lóðamörk taki mið af fyrirhuguðum ofanflóðavörnum sem liggja að lóðinni.*

*Til máls tók: Forseti*

*Bæjarstjórn staðfestir bókun skipulags- og umhverfisráðs.*

**13. Hjúkrunarrými á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða Patreksfirði - 2004011**

*Forseti leggur til að skipaður verði stýrihópur sem muni vinna tillögu varðandi viðbótarrými fyrir félagsstarf aldraðra í tengslum við endurnýjun hjúkrunarrýma við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Patreksfirði. Hópurinn verði þannig skipaður: Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, formaður bæjarráðs, Jón Árnason og Friðbjörg Matthíasdóttir og þá muni bæjarstjóri starfa með hópnum. Hópnum er falið að afla frekari gagna og móta tillögu er varðar viðbótarrými sveitarfélagsins sem lögð verði fyrir bæjarstjórn á næsta fundi.*

*Til máls tók: Forseti*

*Bæjarstjórn staðfestir tillöguna samhljóða.*

**14. Menningar- og ferðamálaráð - 19 - 2111005F**

*Lögð fram til kynningar fundargerð 19. fundar menningar- og ferðamálaráðs, fundurinn var haldinn 15. desember 2021. Fundargerðin er í 3 liðum.*

*Til máls tók: Forseti.*

14.1 2012019 - Styrkumsóknir Menningar-og ferðamálaráðs - 2021

14.2 2105050 - Ósk um fjárstuðning við verkefnið Tekist á við torfætur

14.3 2112011 - Nýting á skrifstofuaðstöðu í Muggsstofu

**15. Bæjarráð - 933 - 2112003F**

*Lögð fram til kynningar fundargerð 933. fundar bæjarráðs, fundurinn var haldinn 21. desember 2021. Fundargerðin er í 9 liðum.*

*Til máls tók: Forseti.*

15.1 2111037 - Fyrirspurn um matsskyldu - smábátahöfn Brjánslæk

- 15.2 2112006 - Verðskrá Póstsins
- 15.3 2110046 - Lyfta í Ráðhús umsókn um framlag úr Jöfnunarsjóði
- 15.4 2112015 - Styrkumsókn - Rauða fjöðrin, átak til að tryggja framboð af leiðsöguhundum
- 15.5 2112022 - Umsóknir um styrk úr Fiskeldissjóði 2022
- 15.6 2112016 - Fundargerð nr. 904 stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- 15.7 2103012 - Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar 2021
- 15.8 2112013 - Fundargerð 136 fundar Heilbrigðisnefndar 09. desember 2021
- 15.9 2112014 - Stjórnunar og verndaráætlun Látrabjarg

#### **16. Bæjarráð - 934 - 2201001F**

*Lögð fram til kynningar fundargerð 934. fundar bæjarráðs, fundurinn var haldinn 12. janúar 2021. Fundargerðin er í 8 liðum.*

*Til máls tók: Forseti.*

- 16.1 2110075 - Sameiginlegt útboð á slökkvibílum fyrir sveitarfélög Íslands
- 16.2 2112007 - Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar
- 16.3 2004156 - Frístundabyggð undir Taglinu beiðni um úthlutun lóða
- 16.4 2201004 - Ungmennaráð Vesturbyggðar
- 16.5 2110046 - Lyfta í Ráðhús umsókn um framlag úr Jöfnunarsjóði
- 16.6 2112028 - Hleðslustöðvar á Vestfjörðum
- 16.7 2201019 - Lántökur ársins 2022
- 16.8 2201002 - Áform um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138-2011- ósk um umsögn

#### **17. Fræðslu- og æskulýðsráð - 75 - 2201002F**

*Lögð fram til kynningar fundargerð 75. fundar fræðslu- og æskulýðsráðs, fundurinn var haldinn 12. janúar 2022. Fundargerðin er í 5 liðum.*

*Til máls tók: Forseti.*

- 17.1 2201008 - Starfsáætlun Bíldudalsskóla 2021 - 2022
- 17.2 2109039 - Skólastefna Vesturbyggðar
- 17.3 2201012 - Skólareglur Patreksskóli
- 17.4 2201009 - Foreldrakönnun nóv 2021 Araklettur
- 17.5 2201010 - Áætlun um öruggi og heilbrigði

#### **18. Skipulags og umhverfisráð - 91 - 2112001F**

*Lögð fram til kynningar fundargerð 91. fundar skipulags og umhverfissráðs, fundurinn var haldinn 13. janúar 2022. Fundargerðin er í 6 liðum.*

*Til máls tók: Forseti.*

- 18.1 2112019 - Andahvilft. Ósk um breytta skráningu.
- 18.2 2002190 - Umsókn um stöðuleyfi. Brautarholt.
- 18.3 2201003 - Brunnar 17. Umsókn um lóð.
- 18.4 2201014 - Dalbraut 8. Umsókn um endurnýjun lóðarleigusamnings.
- 18.5 2201013 - Aðalstræti 124A. Umsókn um samþykki byggingaráforma.
- 18.6 2201015 - Breyting á deiliskipulag ofanflóðagarða ofan Urða og Mýra á Patreksfirði og byggðar neðan þeirra

#### **19. Hafna- og atvinnumálaráð - 36 - 2112004F**

*Lögð fram til kynningar fundargerð 36. fundar hafna- og atvinnumálaráðs, fundurinn var haldinn 17. janúar 2022. Fundargerðin er í 7 liðum.*

*Til máls tók: Forseti.*

- 19.1 2201025 - Upplýsingagjöf Bæjarstjóra
- 19.2 2110045 - Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2021-2022
- 19.3 2201024 - Framkvæmdir Hafnasjóðs Vesturbyggðar 2022
- 19.4 2201026 - Strandveiðar 2022 - Skerðing á strandveiðikvóta um 1.500 tonn.
- 19.5 2102030 - Verbúð, Patrekshöfn - sala á eign.
- 19.6 2112017 - Fundargerð 440 - Hafnasamband Íslands
- 19.7 2112029 - Fundargerð 64. stjórnarfundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.17:30.**

---

Iða Marsibil Jónsdóttir (IMJ)

---

Friðbjörg Matthíasdóttir (FM)

---

María Ósk Óskarsdóttir (MÓÓ)

---

Ásgeir Sveinsson (ÁS)

---

Jörundur Garðarsson (JG)

---

Magnús Jónsson (MJ)

---

Jón Árnason (JÁ)

---

Rebekka Hilmarsdóttir (RH)

---

Gerður Björk Sveinsdóttir (GBS)